



STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 3

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ föstudaginn 11. marz 2011 kl. 13:00. Fundarstaður: Húsnæði Eskju, Eskifirði.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jón Þórðarson, Jens Garðar Helgason og Ólafur Hr. Sigurðsson. Stefán Bogi Sveinsson var í símasambandi. Gunnþórunn Ingólfisdóttir og Bárður Jónasson boðuðu forföll og mættu varamenn ekki í þeirra stað. Auk þess sat fundinn frkvstj. SSA, Bj. Hafþór Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Valdimar O. Hermannsson, form. stjórnar SSA, sat hluta fundarins sem gestur.

Form. hópsins, Ólafur Hr. Sigurðsson, setti fund og stýrði honum.

DAGSKRÁ:

1. Staðan við frágang skýrslu.

Í gangi er skýrslugerð á vegum ÞFA, sem miðar að því að greina ákveðna samstarfsfleti sveitarfélaga á starfssvæði SSA. Tekið er mið af svonefndri „Vesturlandsskýrslu“, sem kom út undir lok síðasta árs. Í ritnefnd af hálfu AE eru Ólafur Hr. Sigurðsson og Gunnþórunn Ingólfisdóttir. ÓHS gerði grein fyrir stöðu mála og kom fram að verkið er komið vel á veg.

2. Atvinnuþróunarsjóðurinn.

ÓHS hafði boðað á stjórnarf. Atv.þr.sjóðsins 7. marz 2011 að hann myndi taka til umfjöllunar á næsta fundi AE þá stöðu, sem uppi er um heimtur á árgjöldum sveitarfélaga til sjóðsins. Af þeim sökum fór hann yfir stöðu málsins og skýrði sín sjónarmið. Aðrir viðstaddir tjáðu sig einnig um málið, sem mun verða til umfjöllunar á vettvangi AE áfram, verði ekki lausn í sjónmáli á næstunni.

3. Nokkur hugsanleg / æskileg samvinnuverkefni.

3.1. Sorpurðun.

ÓHS innleiddi málið. Fyrir liggur, að kostnaður sumra sveitarfélaganna við þennan málaflokk er gífurlegur, þrátt fyrir að víða séu komin í gang verkefni við flokkun og endurnýtingu. Fram kom í máli ÓHS að bezta lausnin virtist vera að ná samstöðu um einn urðunarstað, t.d. að Tjarnarlandi, en meðan mál væru að skýrast væri æskilegt að þeir, sem það kysu ættu kost á að urða að Þernunesi.

SBS tók að sér að vinna í málinu fram að næsta fundi í hópnum.

3.2. Ný mannvirkjalög. Sameiginleg Byggingarnefnd ! ?

ÓHS flutti inngang um málið. M.a. velti hann upp á hvern hátt smærri sveitarfélögin myndu leysa byggingarfulltrúamál. Vænlegt kynni að vera að sameinast um þau mál, þannig að eitthvert smærri réði til sín byggingarfulltrúa og seldi út til hinna, svipað og nú er gert hjá Norðurþingi. Þótt ekki væri þörf á því í dag skv. hinum nýju lögum væri samt vert að ræða þá leið að vera með eina nefnd fyrir allt svæðið og þá e og jafnframt eitt embætti byggingarfulltrúa fyrir öll sveitarfélögin. Verður þróað áfram.

3.3. Barnaverndarnefnd eða sameining félags- og barnaverndarþjónustu.

Inngang flutti ÓHS. Hann gat um jákvætt samstarf á báðum núverandi félagsþjónustusvæðum, en taldi að forsvarsmenn sveitarfélaganna kynnu að vera hlynntir frekari þróun, þ.a. að ná samkomulagi um eina barnaverndarnefnd á starfssvæði SSA. Undir þessum lið bar á góma aukið hlutverk SKA (Skólaskrifstofu Austurlands) samhliða flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í upphafi árs 2011.

ÓHS, sem er form. stjórnar SKA, tók að sér að þróa hugmyndina áfram í samstarfi við félagsmálastjóra á svæðunum tveim.

3.4. Sameining slökkviliða. Eitt eldvarnareftirlit.

Fram kom í máli ÓHS að í dag eru starfandi tvö slökkvilið á svæðinu í dag og eiga þau mjög miserfitt með að sinna eldvarnareftirliti. Lang stærsta einstaka áhættan er tengd starfsemi álversins á Reyðarfirði og þar er sinnt mjög öflugum eldvarnareftirliti. ÓHS nefndi hugsanlegt samstarf við HAUST (Heilbrigðiseftirlits Austurlands), en nú er í gangi ákv. samvinna milli HAUST og Mannvirkjastofnunar vegna eftirlitshlutverks beggja þessara stofnana.

GJ tók að sér að vinna í málinu og m.a. að kanna áhuga á því að byggja upp eitt öflugt eldvarnareftirlit og jafnvel eitt slökkvilið.

3.5. Ein almannavarnarnefnd.

Í framsögu ÓHS kom fram að almannavarnarnefndir eru tvær í dag, önnur á starfssvæði sýslumannsins á Eskifirði og hin á starfssvæði sýslumannsins á Seyðisfirði. Taldi hann liggja fyrir að umtalsverður munur væri á aðstöðu til að stjórna aðgerðum ef stór mál koma upp. Nefndi hann góða aðstöðu á EGS í stjórnstöð björgunarsveitarinnar. Fram kom í umfjöllun um málið að útkallsaðilar eru sammála um að til staðar þurfi að vera aðgerðastöð við sjávarsíðuna og þá að öllum líkindum í Neskaupstað, en að sama skapi kæmi sterklega til greina að hafa samræmda aðgerðastöð vegna annarra atburða á Egilsstöðum.

Málið verður skoðað áfram, en einnig er bent á samantekt úr lögum um almannavarnir nr. 82/2008, sem felld er inn aftan við fundargerðina.

3.6. Tenging skólastiga.

ÓHS sá í framsögu sinni mgl. á enn frekari tengingum grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig væri íhugunarvert, hvernig hægt væri að ná enn betri tengingu fjarnáms á litlu stöðunum í gegnum Þekkingarnetið og sömuleiðis milli framhaldsskólana og grunnskólastigsins. Taldi hann alla vega brýnt að leita á einhvern máta leiða að laða fleiri nemendur að

framhaldsnámi í heimahögum. Í því sambandi yrðu þó t.d. framhaldsskólarnir að spyrja sig áleitinna spurninga um hvað valdi. Um þetta mál varð áhugaverð og skörp umræða og voru menn sammála um að þarft væri og nauðsynlegt að ræða það áfram á þessum vettvangi.

Einnig kom fram við umfjöllun um málefni nr. 3.1. til 3.6. sú hugmynd að nefndarmenn í AE „skipti liði“ til frekari úrvinnslu síðar.

4. Önnur mál:

a) Tvö (samstarfs-) verkefni til úrvinnslu / skoðunar:

i) Almenningsamgöngur.

Áformað er að verkefnið færist yfir á sveitarfélögin eigi síðar en í upphafi árs 2011. Form. SSA og Ingigerður Erlingsdóttir hjá ÞFA sátu fund í REK í síðasta mánuði. Málið er í vinnslu, en stjórn SSA vill halda því opnu, í ljósi þess að um er að ræða væntanlegt samstarfsverkefni sveitarfélaga á starfssvæði SSA, að AE fái það til úrvinnslu. SBS tók að sér að kynna sér stöðu mála fyrir næsta fund AE.

ii) S 20 / 20.

Kynningarfundur um málið, sem er á borðum þriggja ráðuneyta (innanríkis-, forsætis-, og iðnaðarráðuneytis) var haldinn með fulltrúum LHSS (landshlutasamtaka sveitarfélaga) fyrir skömmu. Næsti fundur um málið verður í REK 24. marz.

Þetta mál mun væntanlega verða beint á borði stjórnar SSA.

b) Eyðing refa og minka.

Málið var til umfjöllunar á vettvangi stjórnar SSA fyrir skömmu. Einnig hafa forsvarsmenn Vopnafjarðarhrepps óskað eftir aðkomu SSA með það að markmiði að leitað verði leiða til að samræma aðkomu og eftir atvikum greiðslur fyrir laun o.fl. vegna málaflokksins. Auk þess hefur sveitarfélagið sent umhverfisráðherra „eitt lítið lettersbréf“ vegna málsins (sjá hér aftar).

Ákveðið að fela BHG að setja málið í „flýtimeðferð“ og kalla eftir upplýsingum um núverandi eða áformaða aðkomu sveitarfélaganna í ljósi þess að líkur eru á að ríkið muni minnka framlög til verkefnisins. Að sama skapi er hætta á að minkastofninn muni ekki minnka, enda er minkum engin minnkun í því að viðhalda minkum, að því gefnu að ekki sé samræmi á milli minnkandi sæðisframleiðslu finnskra karlmanna og hins áður minnkandi minkastofns.

c) Næsti fundur:

Ákveðið var að næsti fundur í AE verði á Borgarfirði eystri föstud. 1. apríl, kl. 12:00.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:20. Bj. Hafþór Guðm. (fundarritari)

(Hér að aftan eru viðeigandi greinar úr lögum um almannavarnir nr. 82 frá 2008 með leturbreytingum til áherslu).

IV. kafli. Skipulag almannavarna í héraði.

9. gr. *Almannavarnanefndir.*

Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna. Almannavarnanefnd skal skipuð sýslumanni þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sitja lögreglustjórar viðkomandi umdæma í almannavarnanefndum en ekki sýslumenn.

Almannavarnanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann. **Sveitarstjórnir ráða starfsmenn almannavarnanefnda og greiða kostnað af störfum þeirra.**

Sveitarstjórnnum er heimilt að vinna saman að gerð viðbragðsáætlunar, semja um gagnkvæma aðstoð eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu [ráðherra].¹⁾

Ráðherra ákveður hvaða sýslumaður skuli sitja í almannavarnanefnd ef fleiri en eitt sýslumannsumdæmi fellur undir nefndina. Ef ein almannavarnanefnd er í umdæmi lögreglustjóra skal hann sitja í nefndinni.

¹⁾*L. 162/2010, 193. gr.*

10. gr. *Hlutverk almannavarnanefnda.*

Almannavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög þessi.

Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 16. gr.

Almannavarnanefndir skulu endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

11. gr. *Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði.*

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr.

viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð, sbr. 12. gr.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

BÓKUN STJÓRNAR SSA 28. FEB. 2011:

Fyrirkomulag refa- og minkaveiða.

Að beiðni Þórunnar Egilsdóttur, oddvita Vopnafjarðarhrepps var fjallað um fyrirkomulag refa- og minkaveiða á vegum sveitarfélaga. Fyrir liggur, að ríkissjóður kunni að hætta fjárhagslegri aðkomu að verkefninu, og þar með yrði allri ábyrgð á framkvæmdinni varpað á herðar sveitarfélaga. Gerði hún grein fyrir hugmyndum sínum um að leitað yrði leiða til að samræma sem mest gjaldskrár vegna verkefnisins. Samþykkt að fela frkvstj. að vinna að framgangi málsins og jafnframt að þrýsta á um að horfið verði frá áformum stjórnvalda, er að framan getur.



Umhverfissráðuneytið
b.t. umhverfissráðherra
Svandísar Svavarsdóttur
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Efni: Minka- og refaveiðar. Endurgreiðslur

Á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 3. mars. sl. voru lögð fram bréf Umhverfisstofnunar varðandi viðmiðunartaxta ríkisins vegna refa -og minkaveiða uppgjörstímabilið 1. sept. 2009 - 31. ágúst 2010. Jafnframt lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 11. okt. 2010, þar sem vakin er athygli á því að ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu kostnaðar vegna refaveiða í fjárlagafrumvarpi 2011. Endurgreiðslurnar hafa miðast við það að vera allt að 50 % af verðlaunum samkvæmt töxtum ríkisins. Við skoðun nú hefur komið í ljós að staðan virðist vera sú sama í fjárlögum 2011. Engar fjárveitingar eru til endurgreiðslu vegna refaveiða í sveitarfélögum eins og verið hefur á umliðnum árum. Hlutfall þessara endurgreiðslna frá ríki hefur farið lækkandi á síðustu árum.

Á fundinum var svofelld bókun samþykkt samhljóða:

„ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mótmælir harðlega áformum ríkisvaldsins um að hætta endurgreiðslum til sveitarfélaga, vegna refaveiða eins og ráðgert er í fjárlögum 2011.

Fram að þessu hefur Umhverfisstofnun verið heimilt að endurgreiða sveitarfélögum allt að helming þessa kostnaðar miðað við uppgjöfinn taxa Umhverfisstofnunar. Á móti hefur sú skylda verið á sveitarfélögunum að halda skýrslur um veiðarnar og senda Umhverfisstofnun.

Með ákvörðun þessari er öllum kostnaði við veiðar og skýrsluhald velt yfir á sveitarfélögin án þátttöku ríkisvaldsins. Þetta er gert þrátt fyrir mikilvægi þess að halda dýrbítum í skefjum og sjá um skýrsluhald í þessum efnum.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hvetur ríkisvaldið til þess að sjá að sér í þessum efnum og veita nægjanlegu fé til þessa málaflokks svo unnt verði halda dýrbít í landinu í skefjum ekki síður hér eftir sem hingað til.“

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum,

Þorsteinn Steinsson
Sveitarstjóri

Afrit: Umhverfisstofnun, Samband ísl. Sveitarfélaga, SSA